



Austurlandi, 20. mars 2020

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
Skúlagötu 7
101 Reykjavík

Mál: nr. 73/2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 17. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) vill byrja á að vekja athygli á þeim skamma fresti sem veittur var til umsagnar um þetta frumvarp. Ljóst er að á tímum þegar öll áhersla er á viðbrögð almannavarna getur reynst erfitt að fylgja eftir áherslumálum með umsagnarfrest sem telur þrjá daga.

SSA hefur marg sinnis ályktað um jöfnun aðstöðumunar á kaupum á flugvélaeldsneyti á Egilsstaðaflugvelli samanborið við Keflavíkflugvöll og nú síðast á haustþingi SSA þann 11. og 12. október 2019.

Egilsstaðaflugvöllur – önnur fluggátt inn í landið

*Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur hið opinbera að tryggja nægt fjármagn til flugþróunarsjóðs sem ætlað er að styðja flugrekstraraðila sem hyggja á flug til áfangastaða utan höfuðborgarsvæðisins. Aðeins þannig sýnir hið opinbera í verki vilja sinn til að opnaðar verði aðrar fluggáttir inn í landið. Þingið krefst þess að Isavia verði sett eigendastefna sem felur í sér að félagið taki yfir rekstur allra millilandaflugvalla landsins þ.m.t. Egilsstaðaflugvallar. Reynslan af millilandaflugum sýnir að Egilsstaðaflugvöllur stendur fyllilega undir slíkri starfsemi. Áfram verði unnið af fullum þunga að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar af hálfu hagsmunaaðila, s.s. Isavia, ríkis, fyrirtækja í ferðaþjónustu og sveitarfélaga á Austurlandi. **Jafna verður aðstöðu flugrekstraraðila til kaupa á eldsneyti, hvar sem er á landinu.***

Öllu flugvélaeldsneyti er landað í Helguvík og dreift þaðan með bílum. Án flutningsjöfnunar verður eldsneytið umtalsvert dýrara á Egilsstöðum og Akureyri en í Keflavík. Sveitarfélög á Austurlandi hafa um árabil unnið að markaðssetningu flugvallarins á Egilsstöðum fyrir millilandaflug og hefur samkeppnisstaða vallarins verið skert m.t.t. eldsneytisverðs.



Í ofangreindu frumvarpi er hvergi minnst á flutningsjöfnun sem styður við markmið um opnun annarra alþjóðlegra fluggátta til landsins. Gengur það beint gegn stefnu stjórnvalda um aukna dreifingu ferðamanna um landið sem talin er mikilvæg, bæði með hliðsjón af náttúruvernd, sem og byggðasjónarmiðum samkvæmt stjórnarsáttmálanum.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hvetur samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið til að gera breytingar á frumvarpinu svo þessari hindrun, sem hærra eldsneytisverð er á uppbyggingu millilandaflugs á Egilsstaði og Akureyri, verði rutt úr vegi.

f.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Jóna Árný Þórðardóttir', is positioned above the printed name.

Jóna Árný Þórðardóttir,
framkvæmdastjóri Austurbrúar